

**Stofnanasamningur
milli Eflingar – stéttarfélags og
Þjóðleikhússins
um forsendur röðunar starfa við stofnunina.**

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar
og SGS/Eflingar-stéttarfélags, hins vegar, dags. 7. apríl 2004 ásamt síðari breytingum.

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Þjóðleikhúsinu sem starfa og njóta
ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS/Eflingar hins vegar, dags. 7. apríl 2004.

Um önnur atriði sem ekki eru tekin fram í samningi þessum, skulu gilda ákvæði
aðalkjarasamnings eftir því sem við á.

2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis
starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið.
Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða
kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á
hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. lið 3 í þessu
samkomulagi um þætti er ráða grunnröðun starfa og lið 4 í þessu samkomulagi um
persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum hjá Þjóðleikhúsinu er raðað. Ákvörðun, sem
tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi
gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar.

Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum
starfsmanna.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun

Ifl.

A: Almenn þjónustustörf	6
B: Almenn störf fastráðinna við ræstingar	4

Vegna breytinga á starfsemi Þjóðleikhússins geta orðið til ný störf sem ekki falla að
starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Dani H.
Sæl
HJD HJ.

4 Viðbótarforsendur við mat til launaflokka (á einungis við störf B í 3. kafla)

	lf.
Starfsreynsla	4
Starfsmaður sem öðlast hefur eins árs starfsreynslu sem nýtist í starfi.....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur þriggja ára starfsreynslu sem nýtist í starfi.....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur sex ára starfsreynslu sem nýtist í starfi.....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur níu ára starfsreynslu hjá stofnuninni	1
Endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að.....	3
Starfsmaður sem sótt hefur 60 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
Starfsmaður sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi ...	1
Starfsmaður sem sótt hefur 200 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi ...	1

5 Starfsmannasamtöl

Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannasamtali einu sinni á hverju ári, þar sem m.a. er farið yfir símenntun starfsmanns og möguleika hans til að sækja símenntun.

6 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11 kafla kjarasamnings aðila.

7 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings aðila. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.


8 Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. janúar 2012

Reykjavík, 29. desember 2011

f.h. Þjóðleikhússins

f.h. Eflingar – stéttarfélags



Dani Hilmarsson

Fylgiskjal 1

Sérákvæði um vinnu starfsfólks við sælgætissölu, dyrdragæslu og sætavísun

1. Vinnutími

- 1.1 Greiða skal að lágmarki 4 klst. í yfirvinnu fyrir hverja viðveru.
- 1.2 Fari vinnutími yfir 4 klst. greiðast aukalega 12 mínútur fyrir hverja umfram klukkustund. Hver klukkustund umfram 4 klst. reiknast því sem 1,2 klst.
- 1.3 Falli niður sýning með minna en 24 tíma fyrirvara ber að greiða fyrir eins og um sýningu hefði verið að ræða.
- 1.4 Sé starfsmanni falin vaktstjórn skal greiða 20% álag auk greiðslu samkvæmt gr. 1.2.

